

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 123/2014

2014/EES/71/11

frá 27. júní 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagsvæððið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 848/2012 frá 19. september 2012 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi fenýlkvikasilfurssamböndum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 254/2013 frá 20. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008 um þóknarir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):
„– **32012 R 0848**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 848/2012 frá 19. september 2012 (Stjtið. ESB L 253, 20.9.2012, bls. 5).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 12zf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 340/2008):
„eins og henni var breytt með:
– **32013 R 0254**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 254/2013 frá 20. mars 2013 (Stjtið. ESB L 79, 21.3.2013, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 848/2012 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 254/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 253, 20.9.2012, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 79, 21.3.2013, bls. 7.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.